

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. október 2019

Mál nr. E-3760/2018:

Landsbankinn hf.

Hannes J. Hafstein lögmaður

gegn

A

Sigurður S. Júlíusson lögmaður

Mál þetta, sem var dómtekið 22. október 2019, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur A, [...], [...], með stefnu birtri 1. nóvember 2018.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 36.380.202 kr. ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 8. nóvember 2014 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að hann verði sýknaður að svo stöddu. Til þrautavara krefst hann þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi jafnframt undir öllum framangreindum liðum málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Hinn 23. júlí 2007 gerðu forveri stefnanda, Landsbanki Íslands hf., og stefndi með sér lánessamning um fjölmyntalán að jafnvirði 25.000.000 króna í dönskum krónum. Lánið bar að greiða að fullu á næstu sex mánuðum með einni greiðslu afborgunar og áfallinna vaxta í lok lánstímans hinn 18. desember 2007. Hinn 26. júlí 2007 greiddi stefnandi til stefnda 24.750.000 kr. en þá var búið að draga frá lántökugjald og kostnað samkvæmt gr. 5.1. og 5.2. í samningnum.

Stefndi kveður að tilefni samningsins hafi verið að Landsbanki Íslands hafi auglýst hlutafé í Færejabanka (nú Bank Nordik) til sölu í tengslum við skráningu síðarnefnda bankans á hlutafjármarkað. Landsbanki Íslands hafi því lánað stefnda fé til kaupa á hlutafé í bankanum með 100% láni og varð úr að bankinn keypti hlutafé í Færejabanka að nafnvirði 11.111 danskar krónur f.h. stefnda. Bréf þessi voru sett að handveði til tryggingar endurgreiðslu lánsins, sbr. 2. tl. gr. 7.1 og gr. 9.2 í samningi aðila.

Nokkrir viðaukar voru gerðir við lánasamninginn, allir í þá veru að breyta gjalddaga hans. Lokagjalddagi síðasta viðaukans var 18. maí 2010.

Hinn 20. og 21. ágúst 2018 seldi stefnandi, fyrir hönd stefnda, hluta hinna

veðsettu bréfa í Færejabanka en keypti í stað þeirra bréf í Landsbankanum sjálfum að nafnverði 596.750 kr. Voru þau bréf sett að veði til tryggingar endurgreiðslu lánsins, ásamt þeim bréfum sem stefndi átti enn í Færejabanka.

Hinn 24. og 25. september 2008 óskað stefndi eftir því að Landsbankabréfin yrðu seld og í stað þeirra keypt aftur bréf í Færejabanka. Þessu hafnaði stefnandi án skýringa og var höfnunin staðfest með tölvupósti hinn 1. október 2008.

Hinn 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum bankans til Nýja Landsbanka Íslands (síðar NBI hf. og Landsbankinn hf.).

Hinn 7. nóvember 2008 óskaði stefndi eftir skýringu stefnanda á því hvers vegna stefnda var neitað um umrædda sölu og á hvaða grundvelli sú neitun var tekin. Í svari stefnanda frá 10. nóvember 2008 staðfesti hann að á tímabilinu 24. til 25. september 2008 hefði Landsbanki Íslands hafnað beiðni stefnda um að selja hlutabréf í bankanum sem veðsett voru honum til þess að kaupa hluti í Færejabanka sem kæmu í staðinn sem veðandlag. Engar skýringar voru gefnar á neituninni eða vísað til heimilda sem lágu henni til grundvallar.

Hinn 28. nóvember 2008 ritaði stefndi skilanefnd Landsbanka Íslands hf. bréf og lýsti því yfir að hann hefði orðið fyrir tjóni að fjárhæð 764.938,37 danskar krónur vegna höfnunar á beiðni hans um sölu á bréfum í Landsbankanum og óskaði eftir afstöðu bankans til kröfunnar. Jafnframt áskildi hann sér rétt til að skuldajafna kröfu þessari upp í kröfur skv. lánsamningi við bankann. Með bréfi sama dag lýsti stefndi einnig yfir skuldajöfnuði gagnvart stefnanda vegna þess tjóns sem hann hefði orðið fyrir vegna þessa. Í svarbréfi stefnanda frá 8. október 2009 kom meðal annars fram sú afstaða að starfsmenn stefnanda hafi metið það svo að veðið í Landsbankanum hafi verið betra en veðið í Færejabanka og engin annarleg sjónarmið hafi legið þar að baki.

Hinn 1. apríl 2011 var lánið endurreiknað í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og voru eftirstöðvar lánsins endurreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti, sbr. 10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Eftirstöðvar fyrir endurreikning voru 60.280.932 kr. en urðu 36.380.202 kr. Endurreikningurinn miðaðist við 1. apríl 2011. Í kjölfarið var stefnda sendur greiðsluseðill með gjalddaga 18. maí 2011 þar sem stefndi er krafinn um greiðslu af eftirstöðvum höfuðstóls að fjárhæð 36.380.202 kr. sem er stefnufjárhæð þessa máls. Hinn 24. maí 2011 var stefnda send tilkynning um vanskil, ítrekun send 11. júní 2011, tilkynning frá milliinnheimtu 3. nóvember 2011 og innheimtubréf 14. janúar 2015.

Hinn 9. apríl 2014 sendi stefnandi stefnda bréf þar sem fram kom að með dómum í málum nr. 600/2011 og 464/2012 hafi Hæstiréttur komist m.a. að þeirri niðurstöðu að greiðslukvittanir hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum og að endurreikningur lána hefði átt að taka mið af því. Þessir dómar höfðu hins vegar ekki áhrif á lán stefnda.

Hinn 21. október 2016 var stefnda birt stefna vegna lánasamningsins, en málið fór aldrei fyrir dóm. Þá var stefnda sent innheimtubréf 21. ágúst 2018. Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 1. nóvember 2018. Með úrskurði Héraðsdóms var málinu vísað frá dómi, en Landsréttur felldi úr gildi þann úrskurð, sbr. úrskurð í máli nr. 449/2019.

II

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á lánessamningi nr. 8771. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi ekki staðið við sinn hluta samningsins og lánið farið í vanskil. Þrátt fyrir innheimtuaðgerðir hafi skuldin ekki fengist greidd. Byggt sé á meginreglu kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 einkum 1. mgr. 6 gr., 4. mgr. 5. gr. og 12. gr. sömu laga. Dráttarvextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 og 3. gr. og 2. ml. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Til einföldunar og skuldara til hagsbóta er miðað við að upphafstími ófyrndra dráttarvaxta sé fjórum árum fyrir þingfestingardag. Er því krafist dráttarvaxta af stefnufjárhæð málsins frá 8. nóvember 2014 til greiðsludags.

Um samninginn gilda íslensk lög og skal mál vegna ágreinings um réttindi og skyldur aðila rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. gr. 15.1. í samningnum. Hvað aðild Landsbankans hf. varðar þá tók Fjármálaeftirlitið (FME), með heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. 471008-0280 (nú Landsbankinn hf., kt. 471008-0280) er dagsett 9. október 2008.

III

Í fyrsta lagi sé byggt á því að víkja eigi lánessamningi aðila til hliðar í heild sinni þar sem það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju fyrir stefnanda að bera samninginn fyrir sig þegar litið er til efnis samningsins, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til, sbr. 36. gr., sbr. einnig 36. gr. a.–d., laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Verði ekki talið að víkja eigi skuldbindingu stefnda til hliðar á grundvelli 36. gr., sbr. 36. gr. a.–d. samningalaga, byggir stefndi á því að víkja eigi henni til hliðar eða ógilda á grundvelli 33. gr. sömu laga eða meginreglna um rangar eða brostnar forsendur.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að það sé ósannað að fyrir hendi sé skuld sem honum beri að greiða eða skuld með þeirri fjárhæð sem er krafist. Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir tjóni að fjárhæð 764.938,37 danskar krónur, eða 13.963.950 kr., og hafi hann

lýst yfir skuldajöfnuði gagnvart kröfu stefnanda, skv. lánessamningi, á hendur honum með bréfi, dagsettu 28. nóvember 2008. Í stefnu sé ekkert tillit tekið til þessa í útreikningi á kröfunni gagnvart stefnda. Þá verði ekki séð að stefnukrafan taki nokkuð tillit til þess að til tryggingar láninu var tekið veð í hlutabréfum stefnda í Færejabanka. Ekkert sé upplýst um afdrif þessara trygginga í málinu, en ljóst sé að stefnanda hefði verið rétt við vanskil að selja þær og ráðstafa andvirðinu inn á skuldina. Það sé því ósannað að nokkur krafa sé fyrir hendi eða krafa með þeirri fjárhæð sem krafist er.

Þá byggist sýknukrafa í þriðja lagi á því að krafan sé fallin niður fyrir fyrningu eða tómlæti. Fyrir liggir að til lánessamningsins hafi verið stofnað 23. júlí 2007, eða fyrir meira en ellefu árum síðan. Þá séu meira en átta ár liðin frá umsömdum lokagjalddaga, 18. maí 2010. Á þeim tíma sem liðinn sé hafi stefnandi nánast ekki gert neinn reka að því að innheimta kröfuna. Rétt sé að áréttu að stefnda hafi ekki tekist að finna í fórum sínum þær tilkynningar um vanskil og innheimtubríf sem stefnandi hefur lagt fram í máli þessu. Hann geti því ekki staðfest að hann hafi mótttekið þessi gögn og mótmælir því. Þá hafi stefndi staðið í þeirri trú og haft réttmætar væntingar til þess að stefnandi hafi fallið frá innheimtu kröfunnar vegna þess að hann hafi ekki gert reka til innheimtu hennar fyrr.

Stefndi getur þó staðfest að í október eða nóvember 2016 hafi honum verið birt stefna vegna þessarar sömu kröfu. Hafi það komið stefnda mjög á óvart og hafi hann því strax haft samband við lögmann stefnanda og mótmælt innheimtunni. Í kjölfarið var málið fellt niður og taldi stefndi það enn eina staðfestingu þess, og hafði réttmætar væntingar um, að stefnandi hygðist ekki sækja kröfuna frekar. Það hefði því komið enn mjög á óvart þegar stefnandi stefndi honum aftur til greiðslu skuldar í þessu máli, meira en ellefu árum eftir að til skuldarinnar var stofnað og tveimur árum eftir að fyrra mál var fellt niður. Með hliðsjón af þessum atvikum hlýtur krafa stefnanda að vera fallin niður hafi hún á annað borð einhvern tímann stofnast.

Stefndi telur jafnframt að krafan sé fallin niður fyrir fyrningu á grundvelli ákvæðis XIV. til bráðabirgða í vaxtalögum nr. 38/2001, þar sem kveðið sé á um átta ára fyrningarfreist uppgjörskrafna vegna ólögmatrar verðtryggingar lánasamninga í formi gengistryggingar, og skuli fresturinn reiknast frá 16. júní 2010. Krafa þessi hafi því verið fyrnd í heild sinni, eða að hluta, hinn 16. júní 2018.

IV

Í málinu krefst stefnandi efnda samkvæmt lánessamningi milli Landsbanka Íslands hf. og stefnda. Samningurinn var gerður 23. júlí 2007 og kveður á um fjölmýntalán til sex mánaða að fjárhæð 25.000.000 kr. í danskri mynt. Upphaflegur gjalddagi er 18. desember 2007. Fjórir viðaukar voru gerðir við samninginn og er lokagjalddagi samkvæmt síðasta viðaukanum 18. maí 2010. Hefur stefndi tekið við réttindum og

skyldum samkvæmt samningnum í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008.

Eins og rakið er í kafla I hér að framan átti stefndi hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. Í málinu liggur ótvírætt fyrir að rétt fyrir bankahrunið 7. október 2008, eða 24.–25. september 2008, óskaði stefndi eftir því að bankinn seldi þau bréf. Því hafnaði bankinn munnlega og síðan skriflega 1. október 2008 og staðfesti það 10. nóvember 2008. Engar skýringar fylgdu höfnuninni. Neitun bankans hafði þær afleiðingar fyrir stefnda að hlutabréfin urðu verðlaus í hruninu. Skýring bankans kom ekki fyrir en með bréfi 8. október 2009. Eins og ástandið var í þjóðfélaginu vikurnar fyrir bankahrunið í október 2008 telur dómurinn að brýna nauðsyn hafi borið til þess að upplýsa stefnda strax um ástæður höfnunar bankans. Þar sem það var ekki gert af hálfu bankans verður stefnandi að bera hallann af því.

Þá er að líta til þeirra samskipta sem liggja fyrir í málinu varðandi innheimtu stefnanda á láni. Hinn 18. júní 2009 virðist síðasta innágreiðsla á lánið hafa átt sér stað er vextir voru skuldfærðir af reikningi stefnda. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 (Landsbankinn hf. gegn þrotabúi Mótormax) var krafan á hendur stefnda endurreiknuð og varð fjárhæð hennar 36.380.202 kr. (stefnufjárhæðin) miðað við 1. apríl 2011. Stefnandi kveðst hafa tilkynnt stefnda um endurreikninginn í apríl 2011, en það bréf liggur þó ekki fyrir. Á árinu 2011 kveðst stefnandi hafa sent stefnda þrjú innheimtubríf, það er 24. maí, 11. júní og 3. nóvember 2011. Næst, eða 9. apríl 2014, kveðst stefnandi hafa sent dreifibréf vegna endurreikninga í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Þeir endurreikningar skiptu ekki máli varðandi kröfuna á hendur stefnda. Rúmum þremur árum eftir síðasta innheimtubríf, eða 14. janúar 2015, kveðst stefnandi hafa sent innheimtubríf. Öll þessi bréf eru óundirrituð og ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi fengið þau í hendur og hefur hann mótmælt því. Samkvæmt þessu hafa innheimtutilraunir stefnanda falist í þremur innheimtubréfum á árinu 2011 og einu innheimtubrési frá janúar 2015.

Föstudaginn 21. október 2016 var stefnda birt stefna þar sem gerð er krafa um greiðslu á hinu umdeilda láni. Í aðilaskýrslu stefnda kvaðst hann hafa rætt við fyrirsvarsmann hjá innheimtufyrirtækinu og mótmælt stefnunni og skýrt sitt mál og tilkomu kröfunnar. Stefnan var ekki þingfest fyrir dómi og taldi stefndi því að máli þessu væri lokið. Í ágúst 2018 var stefnda sent innheimtubréf og var mál þetta þingfest 8. nóvember 2018. Þegar litið er til þeirrar framkomu sem stefnandi hefur sýnt stefnda, þar með talið að virða hann ekki strax svars um rökstuðning fyrir höfnun bankans á sölu hlutabréfanna og hinna fábreyttu innheimtutilrauna stefnanda, lítur dómurinn svo á að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti gagnvart stefnda. Með þessu tómlæti sínu hafi stefnandi einnig byggt upp væntingar hjá stefnda um að stefnandi myndi gefa eftir

innheimtu á láninu og þá sérstaklega í ljósi þess að ekki kom til þingfestingar á stefnu þeirri er stefnda var birt í október 2016.

Eins og að framan greinir hefur lánið verið endurreiknað í samræmi við dóma Hæstaréttar í máli stefnanda gegn Mótormax, mál nr. 155/2011. Var það gert í samræmi við ákvæði vaxtalaga og voru eftirstöðvar lánsins endurreiknaðir miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabankinn birti, skv. 4. gr., sbr. 3. gr., og skv. 10. gr. sömu laga. Dómkrafa stefnanda byggir á þessum útreikningi. Með ákvæði XIV til bráðabirgða með vaxtalögum nr. 38/2001 er kveðið á um að fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánasamnings í formi gengistryggingar reiknist frá 16. júní 2010 og skuli vera átta ár frá því tímamarki. Samkvæmt því eru lok fyrningarfrestsins því 16. júní 2018. Hér er um sérlög að ræða sem sett eru vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu og um sérstaka lánategund, og ganga þau fyrir almennum ákvæðum fyrningarlaga. Breytir þá engu þótt hinn almenni fyrningarfrestur um kröfuna samkvæmt lögum nr. 150/2007 hafi ekki verið liðinn. Stefna málsins var birt 1. nóvember 2018 og var málið þingfest 8. nóvember 2018. Því er krafa stefnanda fyrnd.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir er stefndi sýknaður af kröfu stefnanda. Samkvæmt 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, A, er sýknaður af kröfu stefnanda, Landsbankans hf.

Stefnandi greiði stefnda, A 1.600.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.